

Ed.

## 410. Breytingartillögur

[147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 7. gr.

1. Við A-lið greinarinnar:

a. Í stað orðanna í 1. málsg. „eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð“ komi: eða afsal vegna kaupa á nýrri íbúð er gefið út.

b. Upphaf 2. málsg. orðist þannig:

Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, skal húsnæðismálastjórn, ef um er sótt og unnt er, veita því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð o. s. frv.

2. Við B-lið greinarinnar. Liðurinn orðist þannig:

Lánsfjárhæð má vera allt að 300 þús. kr. út á hverja íbúð, að viðbættri hækkun, sem svarar til hækkunar, er verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar frá árslokum 1964 til lánveitingardags að telja. Reglan um 300 þús. kr. lán út á íbúð kemur til framkvæmda við lánveitingar til þeirra, sem sótt hafa um lán eftir 1. apríl 1964. Þó skulu lánin ekki nema meiru en  $\frac{3}{4}$  hlutum verðmætis íbúðar, skv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans. Heimilt er samt að veita herra lán til efnalitilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í því skyni verja 15—20 milljónum króna árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins, ef með þarf vegna gildrar eftirspurnar. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlánin skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

3. Við C-lið greinarinnar. Liðurinn orðist þannig:

Lán til hvernar íbúðar skal vera í tvennu lagi: A-lán og B-lán, og skal B-lánið vísitölubundið og vera sama hlutfall af lánsfjárhæðinni og vísitölu-tryggt fé er af fjármagni því, er húsnæðismálastjórnin hefur til útlána hverju sinni.

Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 35 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta, kostnaðar og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði Veðdeildarinnar vegna starfsemi hennar í þágu byggingarsjóðsins skulu lántakendur greiða árlega af lánsfjárhæð sinni  $\frac{1}{4}$ %, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Afborgunarhluti hvernar árgreiðslu B-lána skal hækkaður eða lækkaður eftir því, sem við á, til samræmis við kaupgreiðsluvísitölu.

A-lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í íbúðinni, sem lánið er veitt til, og B-lán með 1. samhliða veðrétti.